

## 152. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn á Teams fimmtudaginn 26. nóvember 2020 kl. 17

Mætt eru: skólanefndarfulltrúarnir Skúli Björn Gunnarsson, Sigrún Birna Björnsdóttir, Anna Björk Guðjónsdóttir og Halldór Warén. Auk þess sitja fundinn Árni Ólason skólameistari sem ritaði fundargerð, Þórunn Víðisdóttir fulltrúi kennara, Bergrún Þorsteinsdóttir fulltrúi foreldrafélags og Hafrún Alexía Ægisdóttir fulltrúi nemenda.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 151. fundar staðfest
2. Gangurinn í starfinu
3. Horfur í nemendafjölda og fjármálum fyrir næsta skólaár
4. Starfsmannamál
5. Önnur mál

*Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.*

### 1. Fundargerð 151. fundar

Fundargerð síðasta fundar hefur verið samþykkt í tölvupósti en bíður undirritunar.

### 2. Gangurinn í starfinu

Skólameistari rakti gang skólastarfsins. Fyrri spönn varð keyrð í dagskóla að mestu leyti fyrir alla nemendur. Nálægt spennarskilum fóru sóttvarnartakmarkanir niður í 25 nemendur í hólfi og síðan þá hafa nær allir nemendur skólans verið í fjarnámi eftir stundaskrá sinni. Verkefnatímum er sleppt en nemendur fá aðstoð sína gegnum Canvas kennslukerfið sem hefur reynst góð viðbót og aukið gæði fjölbreyttrar framsetningar og skila fyrir bæði dag- og fjarskólanema. Einstaka áfangar hafa þó verið keyrðir í dagskóla allan þennan tíma fyrir nemendur starfsbrautar og framhaldsskólabrautar 1. Nemendapjónusta skólans aðstoðar kennara við að halda nemendum við efnið í náminu með því að hringja og hvetja menn til dáða við þessar skrytnu kringumstæður. Nemendapjónustan er einnig til staðar fyrir alla þá nemendur sem til hennar leita, ýmist með því að fá nemendur í hús eða gegnum Kara Connect eða Teams fundi. Félagslífið er hinsvegar í skötulíki en nemendafélagið hefur þó keyrt vikulega viðburði gegnum netið til að skemmta nemendum.

Skólanefndarmenn spurðu út í hver tilfinningin væri varðandi líðan nemenda og brottfall. Skólameistari sagði að ekkert benti til meira brottfalls þessa haustönnina enda væri kapp lagt á að halda utan um þá nemendur sem stæðu höllum fæti. Hann sagðist telja að með því að keyra alla tíma eftir stundaskrá og fara fram á mætingu í þeim tækist að halda nemendum við efnið. Kannanir bentu til að þeir svæfu meira heldur en áður en líðanin væri svona eftir atvikum og réðist m.a. af skertu samneyti við skólafélagana. Gert er ráð fyrir að 37 muni brautskrást í desember og er það ein fjölmennasta útskrift að hausti. Framkvæmd útskriftarinnar mun ráðast af þeim sóttvarnarreglum sem verða í gildi 19. desember en gert ráð fyrir að verða í Valaskjálfi og með beint streymi.

Skólanefndarformaður vakti athygli á góðri útkomu skólans í könnuninni Stofnun ársins sem undirstrikar góðan anda í skólanum og ánægt starflið. Samkvæmt niðurstöðum Sameykis var ME í 5. sæti minni stofnana með færri en 50 starfsmenn og í 11. sæti af heildinni eða 143. opinberum stofnunum.

Fulltrúi nemenda sagði stuttlega frá því sem er á döfinni hjá nemendafélaginu sem er ansi mikið bundið við netið. En af þessum föstu verkefnum búið að skrá lið í bæði Gettu betur og Morfís og æfingar hafnar. Leikfélagið hefur hins vegar frestað sínum æfingum fram í febrúar mars.

### 3. Horfur í nemendafjölda og fjármálum fyrir næsta skólaár

Skólameistari sagðist áætla að nemendafjöldi í dagskóla á vorönn yrði rúmlega 150 sem er sögulegt lágmark. Fjarnemar verða vonandi um 450 líkt og á haustönninni sem gerir það að verkum að hægt er að halda uppi kennslu í mörgum áföngum. Þeim fylgja nemendaígildi þó að enn virðist ekki fullur skilningur á mikilvægi fjarnemenda fyrir skóla á landsbyggðinni hjá ráðuneytinu.

Skólameistari sýndi fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú ár sem er í jafnvægi miðað við að ákveðnar leiðréttingar náist fram vegna mistaka sem gerðar voru í ráðuneytinu við útreikninga nú í haust. Hvernig rekstrarárið 2020 endar er enn í talverðri óvissu vegna heimsfaraldursins, langveikra starfsmanna og fleiri hluta. Þó sagðist hann gera ráð fyrir að skólinn yrði nálægt núllpunktinum. Undir þessum lið var einnig tekin fyrir greinargerð til ráðuneytisins sem send var með ársáætlun 2021.

### 4. Starfsmannamál

Skólameistari fór yfir töflu sem sýndi breytingar í starfsmannamálum á vorönn. Þær eru óverulegar og gerðu skólanefndarmenn engar athugasemdir við þær.

### 5. Önnur mál

#### a. Stefnumótun ME 2021-2023


Í fundargögnum var stefnumiðuð áætlun til næstu þriggja ára sem skólinn hefur sent ráðuneytinu eins og lög um opinber fjármál segja til um. Er það gert árlega og engar stórar breytingar orðið á stefnu frá því í fyrra. Skólanefndarmenn voru samt hvattir til að lesa yfir áætlunina.

#### b. Frétt í DV

Rætt var um frétt sem birtist í DV fyrir skömmu og tengdist óviðeigandi orðræðu hjá nemendum og fyrrum nemendum skólans á netmiðlum. Skólameistari og fulltrúi nemenda fóru yfir viðbrögð skólans og nemendafélagsins í þessu máli og þótti skólanefnd þau til fyrirmyndar. Öllum þykir miður að þetta hafi komið upp en af því megi draga lærdóm og vinna með inn í framtíðina.


*Fleira ekki fundi slitið kl 17:50.*

*Fundargerð ritaði Árni Óla*

  
Skúli Björn Gunnarsson

  
Anna Björk Guðjónsdóttir

  
Halldór Warén

  
Sigrún Birna Björnsdóttir